

# 70. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í Stofu íslenskra fræða, föstudag 15. febrúar, 2013, kl. 12:10

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson, **Bryndís Ásta Böðvarsdóttir\***, **Eygló Kristjánsdóttir\***, **Jóhannes Sveinbjörnsson\***, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, Valgarður Reynisson, **Þórhildur Hrafnisdóttir\*\*** og **Sigríður Björk Gylfadóttir\*\*\***.

\*nýr fulltrúi í skólanefnd - \*\* nýr fulltrúi nemenda - \*\*\* nýr fulltrúi foreldraráðs

Sigurður Ingi Jóhannsson boðaði forföll.

1. Kynning á nýrri skólanefnd – kjör formanns nefndarinnar
2. Áætluð rekstrarniðurstaða skólans vegna ársins 2012
3. Fjárlög skólans og fjárhagsáætlun 2013
4. Samantekt hugarflæðisfundar í janúar – viðburðir annarinnar – dagskrá afmælisdagsins
5. Endurnýjun skólasamnings við Mennta- og menningarmálaráðuneytið
6. Til kynningar:  
Úttekt Mmrn. vorið 2013 á starfsemi ML skv. 3. mgr., 42. gr. laga nr. 92/2008
7. Önnur mál

Dagskrá:

## 1. Kynning á nýrri skólanefnd – kjör formanns nefndarinnar

Skólameistari óskaði að bókaðar yrðu sérstakar þakkir til skólanefndarfólks sem nú hefur stigið upp úr sæti sínu eftir langa og farsæla aðkomu að málefnum skólans.

Þá fóru allir fulltrúarnir einn hring í kynningum á sjálfum sér og nýir fulltrúar voru boðnir sérstaklega velkomnir til starfa.

Því næst stýrði hann formannskjöri. Gunnar Þorgeirsson var kosinn formaður. Hann þakkaði traustið sem honum er sýnt og jafnframt óskaði hann eftir að koma bestu þökkum til þess nefndarfólks sem er horfið af þessum vettvangi.

Þá tók nýr formaður við fundarstjórn.

## 2. Áætluð rekstrarniðurstaða skólans vegna ársins 2012, fjárlög skólans og fjárhagsáætlun 2013.

Skólameistari dreifði blaði með rekstraráætlun 2013 (fskj. 1) Hann fór síðan yfir helstu þætti og skýrði og svaraði spurningum um einstaka þætti. Hann fjallaði sérstaklega um viðbótarfjármagn sem skólinn fékk vegna nemendafjölda umfram viðmið fjárlaga.

Endanleg niðurstaða rekstrarins 2012 liggur ekki fyrir, en verður kynnt þegar þar að kemur.

## 3. Samantekt hugarflæðisfundar í janúar – viðburðir annarinnar – dagskrá afmælisdagsins

Páll fjallaði um hugarflæðisfundinn og afurðir hans (fskj. 2). Þær sem lúta að afmælisárinu fara til vinnslu hjá skólaráði, en SVÓT greiningin fer til umfjöllunar í sjálfsmatsnefnd. Til kynningar.

## 4. Endurnýjun skólasamnings við Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Skólameistari dreifði nýgerðum skólasamningi 2013-2015 (fskj. 3) og fundarmenn renndu yfir helstu þætti. Þá dreifði hann viðauka við samninginn (fskj. 4) þar sem fram

koma helstu markmið sem unnið verður að á samningstímanum. Skólameistari fjallaði síðan um nokkur atriði. Þar má til dæmis nefna fyrirvara sem kemur fram við lið 3 í markmiðunum, um samninga sem myndu tryggja vinnuframlag við þá vinnu að innleiðingu nýrrar námskrár, sem greinin lýtur að.

Talsverðar umræður spunnust í tengslum við þennan lið.

## **5. Til kynningar:**

### **a. Úttekt Mmrn. vorið 2013 á starfsemi ML skv. 3. mgr., 42. gr. laga nr. 92/2008**

Skólameistari dreifði upplýsingum um fyrirhugaða úttekt á skólanum og kynnti verkið sem framundan er.

## **7. Önnur mál**

- a. Gunnar spyr hvernig háttáð sé aðkomu ML að Héraðsskólahúsinu. Skólameistari greindi frá hvernig henni er háttáð, en nú vinna umsjónaraðilar hússins að því að leigja út allt annað en íbúðirnar í húsinu.
- b. Skm ræddi um forvarnastarf í skólanum og sagði frá fundi Jóhannesar Kr Kristjánssonar, fréttamanns í líðandi viku og fyrirhugaðri könnun um vímuefnaneyslu í næstu viku. Rætt var almennt um stöðu mála sem þessu tengjast.
- c. Skm greindi frá því að árs hátíðarleikriti Mímis: Fiðlarinn á þakinu verður frumsýnt 15. mars.
- d. Skm greindi frá fyrirhugaðri heimsókn nemenda og starfsfólks frá Laugum í Reykjadal þann 11. mars, n.k.
- e. Skm greindi frá fyrirhuguðum utanlandsferðum með nemendahópa á vorönn, til Danmerkur og Frakklands.
- f. Skm greindi frá hvernig kynningu á skólanum í grunnskólum er háttáð á vorönn.
- g. Skm greindi frá fyrirhugaðri keppni meðal nemenda um kynningarmyndband fyrir skólann.

Fundi slitið kl. 14:04

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason